

**Nd.**

**341. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er samþykkt flutningsmanni um aðalatriði frumvarpsins, en leggur til í breytingartillögum á sjerstöku þingskjali (326), að frumvarpsgreinarnar sje orðaðar um og ný grein sett inn í frumvarpið um eftirlit með því, að hlýtt sje lögnum. Lagt er til, að síðasta grein frumvarpsins falli burt. Í henni er heimilað að verja alt að 100,000 kr. á ári til jarðakaupa. Nefndin álitur enga þörf á að takmarka heimildina. Ekki er líklegt, að landssjóður óðlist kauprjett á mjög mörgum jörðum árlega að jafnaði, en þótt fyrir kæmi, að verja þyrfti meira fje til jarðakaupa en 100,000 kr., er ekki rjett að banna, að keypt sje fyrir meira. Engin hættu að láta stjórnina hafa ótakmarkað vald í slíku máli.

Ef frumvarp þetta verður að lögum, ætti brask með jarðir að vera útilokað framvegis. Og það er alveg nauðsynlegt. Að öðru leyti er nefndin ósamþykk greinargerð flutningsmanns.

Alþingi, 6. ágúst 1917.

Stefán Stefánsson, Jón Jónsson, Pjetur Þórðarson.  
formaður. skrifari og frams.m.

Einar Árnason. Sigurður Sigurðsson.